

Hollvinasamtök St. Jósefsspítala, Hafnarfirði
Steinunn Guðnadóttir
Birkibergi 18
221 Hafnarfirði



Minjastofnun
Íslands

Reykjavík, 12. ágúst 2015
Tilvísun: 4271 / 4272

Varðveislumat á sjúkrahús- og skólabyggingum við Suðurgötu 41 og 44, Hafnarfirði


Í brefi til Minjastofnunar 27.1.2015 óskuðu Hollvinasamtök St. Jósefsspítala, Hafnarfirði, eftir mati á varðveislugildi St. Jósefsspítala við Suðurgötu 41 og skólahússins „Kató“, við Suðurgötu 44, Hafnarfirði.

Fasteignin Suðurgata 41 í Hafnarfirði, St. Jósefsspítali, var reist á árunum 1924-26. Í Fasteignaskrá er byggingarár hennar skráð 1926. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er eigendum húsa sem byggð voru 1925 eða fyrr skyld að leita álits Minjastofnunar ef þeir hyggjast breyta þeim, flytja eða rífa. Sjúkrahúsbyggingin nýtur því ekki friðunar eða friðlýsingar sk. lögum. Hið sama á við um skólahúsið við Suðurgötu 44 (Kató), sem reist var árið 1937 sk. Fasteignaskrá. Bæði húsin hafa staðið ónotuð um skeið og hafa látið verulega á sjá.

SUÐURGATA 41 / ST. JÓSEFSSPÍTALI OG KAPELLA / 1925-26.

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði er í flokki merkra sjúkrahúsbygginga sem Guðjón Samúelsson teiknaði á fyrstu starfsárum sínum sem húsameistari ríkisins. Elst þeirra er gamla sjúkrahúsið á Eyrartúni á Ísafirði, reist 1924-25. Byggingin hýsir nú bæjar- og héraðsbókasafn Ísafjarðar, skjalasafn og listasafn. Árið 1920 teiknaði Guðjón sjúkrahús Suðurlands á Eyrarbakka (Litla-Hrauni). Það tók aldrei til starfa og var byggjgunni breytt í fangelsi árið 1928. Árið 1925 teiknaði Guðjón sjúkrahús Vestmannaeyja sem hýsir nú ráðhús Vestmannaeyja. Sú bygging hefur haldið upphaflegu útliti og er vel við haldið. Í kjölfar sjúkrahúsa í Vestmannaeyjum og Hafnarfirði teiknaði Guðjón hressingarhæli í Kópavogi (1925), Landspítala (1926), stækkun Kleppspítala (1926), heilsuhæli Kristnesi (1926), heyrnleysingaskóla í Reykjavík (1926, rifinn) og Sjúkrahús á Siglufirði (1927, rifid). Af sjúkrahúsbyggingum Guðjóns hafa eftirtaldar fjórar verið friðlýstar : Landspítalinn, sjúkrahúsin á Ísafirði og Vestmannaeyjum og hressingarhælið í Kópavogi, sem verið er að gera upp á vandaðan hátt á vegum Kópavogsþærar.


Árið 1925 teiknaði Guðjón St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, tvílyft hús með kjallara og háu risi ásamt áfostu líkhúsi og kapellu. Spítalinn í upphaflegri mynd var líkrað gerðar og sjúkrahúsið á Ísafirði. Sami byggingarmeistari, Ásgeir G. Stefánsson frá Hafnarfirði, reisti bæði þessi sjúkrahús. Kapellan var í upphafi og áberandi þáttur í ásýnd hússins og mikilvægt sérkenni eins og sjá má á gamalli ljósmynd.




Ytra úlit St. Jósefsspítala hefur tekið miklum breytingum í tímans rás. Á árunum 1953-54 var sjúkrahúsið lengt til norðurs eftir uppdráttum Sigurgeirs Guðmundssonar, skólastjóra Iðnskólans í Hafnarfirði. Með stækjunni var byggt fyrir vesturstafn kapellunnar, sem eftir það er lítt sýnileg frá götunni. Eldri hluti sjúkrahússins var endurnýjaður að innan á árunum 1967-68. Á árunum 1973-75 var byggð ný álma við suðurendann með líku formi og norðurálman en mun stærri. Seinna risu glerhýsi framan við aðalinngang sjúkrahússins og mjó álma út frá miðri austurhlið gamla hússins. Í tengslum við breytingar hafa nær allir gluggar gamla sjúkrahússins verið "augnstungnir". Einungis er einn gluggi á jarðhæð af upphaflegri gerð. Kapelluálman er enn með upphaflegum gluggagrindum og virðist sá hluti hússins lítið breyttur frá fyrstu gerð. Innan dyra hafa í tímans rás verið gerðar miklar breytingar á þeim hluta sjúkrahússins sem Guðjón teiknaði. Af upprunalegum byggingarhlutum sem varðveist hafa má nefna marmaraklæddar tröppur og handrið í stigahúsi og hvítlakkaðar hurðir á stöku stað. Flestum gömlum hurðum hefur verið skipt út fyrir nýjar hurðir í nútímalegum stíl. Innra borð kapellunnar hefur varðveist að mestu með upphaflegum einkennum.



Götuhlið



Bakálma



Kapella inni

St. Jósefsspítali í Hafnarfirði er í listrænu og sögulegu tilliti engu ómerkari bygging en sjúkrahúsin í Vestmannaeyjum og Ísafirði sem bæði hafa hlotið vandaða faglega endurgerð og njóta friðlýsingar. Sá munur er þó að búið er breyta St. Jósefsspítala mun meira en hinum byggingunum. Sumar breytingarnar eru óheppilegar og rýra gildi hússins frá sjónarhóli byggingarlistar. Ekki er raunhæft að fjarlægja álmurnar við enda gamla hússins enda taka þær í aðalatriðum tillit til byggingarstíls þess. Það væri til mikilla bóta fyrir útlit spítalans ef settir yrðu gluggar með upphaflegu sniði í elsta hlutann. Seinni tíma glerbygging sem hýsir aðalinngang lýtir verulega ásýnd spítalans. Æskilegt er að hún verði fjarlægð og fundin önnur og heppilegri útfærsla á aðkomu í bygginguna.

Þrátt fyrir seinni tíma breytingar er St. Jósefsspítali í Hafnarfirði mikilvæg opinber bygging sem stendur á áberandi stað í bænum og hefur gildi á landsvísu frá sjónarhóli menningarsögu og byggingarlistar. Sjúkrahúsið hefur sérstöðu vegna tengsla þess við reglu St. Jósefssystra og hefur samþygða kapellan sérstakt gildi í því sambandi. Brýnt er að finna húsinu verðugt hlutverk sem samrýmist varðveislugildi þess. Við breytingar og endurbætur ber að taka mið að upprunalegri gerð hússins og byggingarstíl. Það væri til mikilla bóta fyrir útlit hússins ef gluggar í elsta hlutanum yrðu færðir í upprunalegt hof og glerhýsið við aðalinngang fjarlægt. Minjastofnun Íslands setur að öllu jöfnu ekki skilyrði um hvers konar starfsemi er í byggingum að því gefnu að hún skaði ekki varðveislugildi þeirra. Stofnunin minnir á þá meginreglu húsverndar að nýting húss er forsenda fyrir viðhaldi þess og varðveislu.



SUÐURGATA 44 / SKÓLI ST. JÓSEFSSYTRA (KATÓ) / 1937-38.

Skólahúsið við Suðurgötu 44 er þrílyft steinsteypubygging með kjallara og lágreistu valmaþaki. Í lægri bakálmu er salur með háum gluggum. Húsið er byggt á árunum 1937-38. Upphafleg teikning hefur ekki fundist og er ekki vitað um höfund hennar. Útveggir hússins voru steinaðir í upphafi. Byggingarlagið ber svip af skólahúsum í látlausum funkisstíl sem teiknuð voru á vegum Húsameistara ríkisins á 4. og 5. áratug 20. aldar. Um 1985 voru innréttar læknastofur og göngudeildir í fyrrum skólastofum. Um 1993 var nýtt lyftuhús og anddyri í framandi stíl byggt utan í inngangs- og stigakjarna hússins. Árið 2010 var

samþykkt reyndarteikning af húsinu vegna brunavarna. Að utan er húsið illa farið, einkum bakálman, og viðgerð aðkallandi. Brotnað hefur upp úr steyptum þakrennum og sprungur í veggjum áberandi. Húsið stendur autt og hefur verið neglt fyrir glugga þess að hluta til.

Að mati Minjastofnunar Íslands hefur skólahúsið við Suðurgötu 44 varðveislugildi sem mikilvæg opinber bygging í bæjarmynd Hafnarfjarðar. Húsið hefur gildi vegna menningarsögu og byggingarlistar enda þótt seinni tíma anddyris- og lyftuhúsviðbygging á áberandi stað lýti ásýnd þess. Stofnunin mælir með því að gert verði við húsið og því fundið verðugt hlutverk sem tryggja mun varðveislu þess til framtíðar. Stofnunin getur ekki samþykkt niðurrif hússins enda þótt ástand ytra byrðis þess sé slæmt og brýn þörf á viðhaldi. Fallast má á breytingar á húsinu vegna aðlögunar að þörfum nýrrar starfsemi svo lengi sem þær eru gerðar af virðingu fyrir upphaflegum byggingarstíl. Minjastofnun setur að öllu jöfnu ekki skilyrði um hvers konar starfsemi er í byggingum að því gefnu að hún skerði ekki varðveislugildi þeirra. Stofnunin minnir á þá meginreglu húsverndar að nýting húss er forsenda fyrir viðhaldi þess og varðveislu.

Virðingarfyllst,
f.h. Minjastofnunar Íslands


Gunnbjörð Guðmundsdóttir arkitekt
Minjavörður Reykjavíkur og nágrennis


Pétur H. Ármannsson arkitekt
sviðsstjóri umhverfis og skipulags

Afrit í tölvupósti :
Steinunn Guðnadóttir, f.h. Hollvinasamtaka St. Jósefsspítala (steinunn.g@simnet.is)
Haraldur L. Haraldsson bæjarstjóri Hafnarfjarðar (hlh@hafnarfjordur.is)
Guðmundur Jónsson verkefnastjóri, f.h. Ríkiseigna (gudmundur@rikiseignir.is)

